

sje eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þar eð stefndur hefir ekki rjettlætt ummælin ber að dæma þau dauð og ómerk og stefndan í refsingu fyrir þau, er þykir hæfilega ákveðin 100 króna sekt, sem renni í rikissjóð, og komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd á rjettum tíma, 12 daga einfalt fangelsi.

Að því er tekur til kröfu stefnanda til skaðabóta fyrir atvinnuspjöll, þá verður rjetturinn einnig að fallast á þá skoðun hans, að ummælin sjeu þannig lögð, að þau hljóti að spilla mjög álitni manna á starfshæfileikum stefnanda, og það því fremur sem þau birtast í víðlesnu opinberu blaði og áhrifamiklu hjá samvinnufjelögnum. Og þar sem taka verður þá staðhæfingu trúanlega, að hann hafi í hyggju að starfa hjá samvinnufjelögum í framtíðinni, sem einnig styðst við það, að hann hefir aflað sjer stjastakrar mentunar á því sviði, þá ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda bætur fyrir álitsspjöll, sem eftir atvikum virðast nægilega hátt ákveðnar kr. 1000,00.

Eftir þessum úrslitum þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda kr. 100,00 upp í málskostnað.

Föstudaginn 30. apríl 1926.

Nr. 64/1924.

Rjettvísín (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Birni Sveinssyni (Guðm. Ólafsson) og
Skúla Thorarensen (Björn P. Kalman).

Brot gegn 13. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 15. nóv. 1924: Ákærði Björn Sveinsson sæti 40 daga, en ákærði Skúli Thorarensen 30 daga, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En fullnustu refsingar beggja skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Ákærðu greiði — annar fyrir báða og báðir fyrir einn — skaðabætur til rikissjóðs 900 kr. Ennfremur greiði ákærði Björn Sveinsson varðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum hrj.mflm.

Guðmundi Ólafssyni 100 kr. í málsvarnarlaun. Ákærði Skúli Thorarensen greiði varðhaldskostnað sinn og skipuðum talsmanni sínum hrj.mflm. Pjetri Magnússyni 100 kr. í málsvarnarlaun. Að öðru leyti greiði ákærðu in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með úrskurði hæstarjettar 3. júní f. á., var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega ýms nánar tilgreind gögn í máli þessu og framhalda rannsókninni. Þetta hefir verið gjört og hafa gögn þessi ásamt framhaldsprófum verið lögð fram hjer í rjettinum. Málið hefir verið rekið skriflega samkvæmt 2. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Ákærðu, Björn Sveinsson og Skúli Thorarensen, gegndu, hinn fyrnefndi starfanum sem forstöðumaður og hinn síðarnefndi starfanum sem gjaldkeri við smá-söludeild áfengisverslunar ríkisins í Reykjavík, frá því í ágústmánuði 1922 og til þess, er þeim var vikið frá í marsmánuði 1924. Forstjóri áfengisverslunar ríkisins rjeði báða hina ákærðu til þessara starfa og er það upplýst, að við hvorugan þeirra var gerður skriflegur ráðningarsamningur og að hvorugum þeirra var fengið neitt erindisbrjef um starf þeirra, en forstjórinn tjáist hafa sett þeim þær reglur um starfrækslu verslunarinnar, er getur í undirrjettardóminum og hafa ákærðu að öllu verulegu kannast við, að svo hafi verið. Auk þessa var reglur um starfrækslu verslunarinnar að finna í reglugjörð nr. 65. 18. júlí 1922, sem að vísu eigi var birt ákærðu sjerstaklega, en birt í stjórnartíðindunum. En að því leyti, sem þessar reglur ná ekki til verður um starf hinna ákærðu og starfsvið þeirra hvors gagnvart öðrum að hafa

hliðsjón af starfsreglum og verkaskiftingu slíkra starfsmanna við lík fyrirtæki.

Ákærði Björn Sveinsson átti samkvæmt stöðu sinni að bera fulla ábyrgð á öllum rekstri smásölnunnar, bæði vera í ábyrgð fyrir öllu fje verslunarinnar og sem yfirmaður hinna verslunarmannanna sjá um að verslunin væri rekin samkvæmt settum reglum.

Þegar ákærði Björn Sveinsson í janúarmánuði 1924 gerði upp reikning verslunarinnar fyrir árið 1923 kom í ljós, að vöntun var. Samkvæmt reikningskilum þeim, er hann afhenti forstjóra áfengisverslunarinnar, nam vöntunin 20872 kr. 16 a., en við reikningsendurskoðun, er þá þegar fór fram reyndist hún að vera mun meiri og eftir að ábyggileg talning á vörubirgðunum hafði farið fram 1. febr. 1924 og reikningar gerðir upp á grundvelli þeirrar talningar má telja það upplýst, að vöntunin sje kr. 27455,10.

Af vöntun þessari má telja það upplýst, að kr. 3200,00 sje sjóðpurður, er telja verður ákærða Birni Sveinssyni til ábyrgðar, og stafar sumpart af því, að ákærðu höfðu, er reikningsgjörðin fór fram, lánað starfsmönnum verslunarinnar kr. 2300,00 eins og getur um í VII. lið undirrettardómsins, en sumpart af því að vantaði í peningaskáp útsölnunnar, að sögn ákærða Björns Sveinssonar, 900 kr. af því fje, sem gjaldkerinn kvaðst hafa látið í skápinn og með þeim atvikum, sem skýrt er frá í V. lið undirrettardómsins. Að öðru leyti er ekkert upplýst um það hvernig á vöntun þessari stendur, hvort hún stafar af því að innkomnir peningar hafa horfið, vörur verið teknar af birgðum smásölnunnar eða yfirleitt með hvaða hætti fje þetta hefir farið forgörðum, sbr. undirrettardóminn undir VIII. lið.

Það er enn fremur sannað með eigin játningu

Björns Sveinssonar, að hann hefir samið rangan lista yfir birgðir smásölnunnar í árslok 1923 og látið hann fylgja reikningsskilum sínum og var rangfærslan í því fólgin að birgðirnar voru taldar að minsta kosti c. 5400 kr. meiri en þær höfðu reynst við talningu og var þetta sumpart gjört til að dylja sjóðþurð þann, er að ofan getur og sumpart að sögn ákærða til að gjöra fyrir tapi, er reynast kynni á versluninni.

Þá er það og sannað, að það hafi verið samkomlag milli beggja hinna ákærðu, að Skúli Thorarensen færði röng nöfn í sölubækur sínar svo sem síðar segir.

Og loks má telja það sannað, að ákærði Björn Sveinsson hefir sýnt af sjer stórkostlegt hirðuleysi í starfi sínu. Þannig er það upplýst, að frá aprilmánaðarlokum 1923 ljet hann hætta að telja vínbirgðirnar mánaðarlega og búa til mánaðarreikning og hefir reikningsleg endurskoðun þó sýnt, að þá þegar var orðin veruleg vöntun, að hann dögum saman hefir verið lítið eða ekkert á sölustaðnum og oft ekki til staðar að kvöldi þegar hann átti að veita peningum úr búðinni viðtöku, að hann hefir vitað og látið viðgangast, að sölumiðar voru ekki ritaðir yfir alt sem selt var og ekki allir sölumiðar, er ritaðir voru, færðir í dagbækurnar, en þetta hvortveggja hafði það í för með sjer, að aðhald og eftirlit með því, að full skil yrðu gjörð fyrir öllu því selda varð ómöglegt, að sölubækurnar voru hirðulauslega taldar saman og að hætt var við að rita spjaldskrána yfir kaupendur, svo að engin tók voru á að framfylgja ákvæðum reglugjörðar 18. júlí 1922 um hve mikið mætti selja hverjum kaupanda á mánuði.

Ákærði Skúli Thorarensen átti að kvöldi hvers dags að afhenda Birni Sveinssyni peninga þá, er guldust í sölubúðinni yfir daginn, hafa umsjón með búðar-

söluinni, færa sölubækur yfir alt, sem selt var, rita spjaldskrá yfir alla kaupendur og sjá um, að ákvæðum reglugjörðar 18. júlí 1922 um mánaðarskamt ofl. væri framfylgt.

Samanburður á sjóðbók Skúla við sjóðbók Björns sýnir nú, að Skúli hefir á hverjum degi allan tímunn greitt til Björns það, er sjóðdagbók hans telur að goldist hafi í búðinni, þannig að á öllu tímabilinu munar að eins á tveimur daggreiðslum samtals 70 kr., er sjóðbók Björns telur minna greitt, en sjóðdagbók Skúla telur selt fyrir í sölubúðinni. Og er það ekki sannað að Skúli hafi tekið á móti meira fje, en sjóðdagbók hans greinir, að undanskildum áðurgreindum 900 kr. Skúla verður því ekki talinn til ábyrgðar meiri sjóðþurður eða vöntun en þessar 900 kr.

Enn er það sannað, að Skúli hefir verið í ráðum með Birni um að leyna þeim 3200 kr. sjóðþurði, sem áður var nefndur, með því að vera í ráðum um það, að vinnbirgðirnar í árslok 1923 voru taldar hærrí um þessa upphæð en þær voru. Og einnig er það upplýst, að hann hefir lánað smáupphæðir úr sjóði þeim, er hann hafði undir höndum.

Eins og nánar segir í undirrettardóminum er það og sannað, að ákærði Skúli Thorarensen ljet oft farast fyrir að rita eða láta rita miða yfir söluu fyrir peninga út í hönd og að rita söluu jafnharðan inn í sjóðdagbókina. Varð þetta til þess, að jafnaðarlega var meira í sjóðnum að kvöldi en sjóðdagbók sýndi og færði hann þá það, sem umfram var, á nöfn annara er keypt höfðu og þá helst á nöfn þeirra, er vænta mátti, að ekki tækju fullan lögleyfðan mánaðarskamt. Var þetta gjört með ráði og samþykki Björns til þess að leyna því, að ákvæðum reglugjörðarinnar um hámarksskamt á mánuði var ekki framfylgt.

Auk þess að Skúli Thorarensen, svo sem fram hefir verið tekið, hefir vanrækt að rita eða láta rita sölumiða fyrir mjög miklu af því, er selt var, voru sölumiðar oft ekki ritaðir í dagbækurnar og heldur ekki nöfn kaupenda jafnóðum og salan fór fram. Sölubækurnar voru hirðulauslega taldar saman og sölumiðar rangt innfærðir og hætt var við, að færa spjaldskrá yfir kaupendur. Verður að telja alt þetta stórkostlegt hirðuleysi og vanrækslu í starfinu.

Þar sem smásala áfengisverslunarinnar var rekin fyrir reikning ríkissjóðs voru báðir hinir ákærðu fastir starfsmenn í þjónustu ríkisins, þeim var falin framkvæmd á ákvæðum í reglugjörð er stjórnarráðið hafði sett lögum samkvæmt og birt var í stjórnartíðindunum og staða hvors um sig afmörkuð og sjálfstæð innan vissra takmarka. Hinir ákærðn voru því báðir *sýslunarmenn* í þeirri merkingu, sem orð þetta hefir í 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Afbrot ákærða Björns Sveinssonar ber að heimfæra undir 136. gr. 135. gr. og 144. gr. allar samanbr. við 145. gr. hegningarlaga og afbrot Skúla Thorarensen heyra undir 136. gr. 1. lið, 135. gr. sbr. 49. gr. og 144. gr. allar samanb. við 145. gr. sömu laga, en með tilliti til þess að hinum ákærðu voru ekki fengin erindisbrjef og þeim var ekki á annan hátt bent á ábyrgð þá, er starfi þeirra var samfara og með því að ávirðingar þeirra að nokkru leyti stafa af eftirlitsleysi yfirboðara þeirra, ákveðst refsing Björns Sveinssonar þriggja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og refsing Skúla Thorarensen mánaðar einfalt fangelsi.

Lán þau, er ákærðu veittu af fje verslunarinnar hafa verið endurgreidd og nemur hin raunverulega vöntun því kr. 25155,10. Fullra skaðabóta hefir verið

krafist og ber samkvæmt 302. gr. hegningarlaganna að dæma ákærða Björn Sveinsson til að greiða áfengisverslun ríkisins kr. 25155,10 og Skúla Thorarensen til að greiða in solidum með Birni 900 kr. af upphæðinni.

Málskostnaðarákvæði undirrettardómsins skal óraskað. Hvor hinna ákærðu um sig greiði málflytningislaun til verjanda síns í hæstarjetti, 400 kr., en allan annan áfrýjunarkostnað málsins greiði þeir annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin málflytningislaun til sækjanda 400 kr.

Það athugast, að það sjest ekki, að ákærða Birni Sveinssyni hafi verið gefinn kostur á að vera viðstaddur eiddfesting tveggja manna, er leiddir voru sem vitni í málinu.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Björn Sveinsson sæti þriggja mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og ákærði Skúli Thorarensen mánaðar einföldu fangelsi.

Ákærði Björn Sveinsson greiði áfengisverslun ríkisins kr. 25155,10 og af þeirri upphæð greiði Skúli Thorarensen in solidum með Birni 900 kr.

Um málskostnað skal undirrettardóminum óraskað. Ákærði Björn Sveinsson greiði málsvarnarlaun, 400 kr., til talsmanns síns fyrir hæstarjetti, málaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, og ákærði Skúli Thorarensen greiði verjanda sínum málaflutningsmanni Birni P.

Kalman 400 kr. í málsvarnarlaun fyrir hæstarjetti. Allan annan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin sóknarlaun til málaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 400 kr., greiði hinir ákærðu báðir fyrir annan og annar fyrir báða.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjada dóms hljóða svo:

Með lögum nr. 62/1921 var ríkisstjórninni veittur einkarjettur frá 1. janúar 1922 til innflutnings vínanda og áfengis, sem heimilt var að flytja til landsins eftir aðflutningsbannslögunum nr. 91/1917, og rjettur til sölu á því til lyfsala og lækna og annara svo sem bannlögin heimiluðu. Samkvæmt lögunum var síðan sett á stofn Áfengisverslun ríkisins og skipaði stjórnin mann til að veita henni forstöðu og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Með lögum nr. 9 frá 31. maí 1922, sem gengu þegar í gildi, var svo ákveðið, að með konunglegri tilsk. mætti ákveða að vín, sem ekki eru í meira en 21% af vínanda að rúmmáli skuli undanþegin ákvæðum bannlaganna og að reglugjörð skuli sett til varnar gegn misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Var tilskipunin gefin út sama dag og lögin og samkvæmt henni reglugjörð 18. júlí 1922 um sölu og veitingar þessara vína. Í reglugjörðinni er áfengisverslun ríkisins falið að annast innflutning og sölu á vínunum til útsölastaða og annara, sem heimilud var smásala, en í 5. gr. reglugjörðarinnar er svo fyrir mælt, að í Reykjavík hafi landsstjórnin sjálf smásöluna og hana fól stjórnin Áfengisversluninni, er rak smásöluna fyrst um sinn beint frá skrifstofu sinni, en opnaði í lok ágústmánaðar 1922 sjerstaka búð fyrir hana, og til þess að veita búð þessari forstöðu rjedd forstjóri Áfengisverslunarinnar ákærða Björn Sveinsson og til gjaldkerastarfsins þar meðákærða Skúla Thorarensen, hinn fyrnefnda þó eftir bendingu og meðmælum frá þáverandi dómsmálaráðherra. Fjekk hvorugur þessara manna skipunarbrjef fyrir starfa sínum og eigi heldur neinn skriflegan ráðningarsamning. Erindisbrjef um framkvæmd starfsins og starfssviðs hvors um sig eða gagn-

vart hver öðrum fengu þeir heldur ekki, en forstjóri Áfengisverslunarinnar hefir skýrt frá (rskj. nr. 2), að þeim reglum, er nú skal greina, skyldi fylgt í útsölnni: „Vín eru þannig afhent frá heildsölnni til útsölnnar, að með hverri vínúttekt fylgir kvittunarseðill, þar sem öll vín eru sundurliðuð á, og kvittar útsalan þann seðil“. En sala útsölnnar átti samkv. skýrslu forstjórans að fara þannig fram: „I. Sjerhver vínbeidni til afgreiðslunnar er rituð á á nótu, sem er afhent gjaldkera. Eftir að hann hefur athugað spjaldskrána og fullvissað sig um, að kaupandi megi fá umbeðið vín, ritar hann á nótna „greitt“ og veitir peningunum um leið móttöku. Nótan er síðan færð inn í kassabók búðarinnar, sem daglega er gjörð upp, og eftir að hún er stemd við kassa búðarinnar, eru forstöðumanninum afhentir peningarnir. Skiftipeningar búðarinnar eru 50 krónur. II. Lánsverslunin fer fram á sama hátt, nema viðskiftamaðurinn verður færður í lánsviðskiftabókina, í staðinn fyrir kassabókina. Reikningar eru sendir út mánaðarlega, og greiðslur allar fara beint til forstöðumannsins, sem færir þetta sjerstaka bókhald. Birgðirnar áttu að teljast upp og bera þær saman við bókfærsluna á hverjum mánuði“.

Hinn 26. jan. 1924 kom ákærði Björn Sveinsson til forstjóra Áfengisverslunarinnar með ársreikning útsölnnar fyrir árið 1923, og skýrði forstjóranum frá því, að reikningarnir sýndu vöntun að upphæð kr. 208.216, sem hann vissi ekki hvernig stæði á. Við reikningslega rannsókn og vöruupptalningu, sem forstjórinn ljét þá framkvæma, kom það í ljós, að vöntunin nam í árslok kr. 23645.10 og við birgðatalning, sem fór fram 1. febr. þ. á. kom enn fremur fram halli í janúarmánuði, er taldist nema kr. 4160.25. Hin 29. febr. þ. á. kærði forstjórinn málið, með brjefi stílluðu til lögreglustjóra en sem virðist hafa verið sent dómsmálaráðuneytinu, og kvaðst verða að gera ráð fyrir því, að vörum fyrir ofantaldar upphæðir hafi verið stolið úr útsölnni. Ráðuneytið afgreiddi málið frá sjer með brjefi dags. 8. mars þ. á., til lögreglustjóra og voru síðan haldin að tilhlutun hans lögregluþróf í málinu 14. s. m. og þau með brjefi dags. 24. s. m. send dómsmálaráðuneytinu, er næsta dag lagði fyrir bæjarfógetann að taka málið til rannsóknar. Hófust síðan rjettarþróf í málinu 1. n. m. sem var framhaldið af bæjarfógeta og fulltrúum hans uns hæstarjettarritara Birni Þórðarsyni með brjefi dómsmálaráðuneytisins, dags. 15. apríl þ. á., var sem setudómara falið að framhalda rannsókninni og fara með málið. Var síðan þrófum í málinu framhaldið þar til útskrift af þeim var send dómsmálaráðuneytinu 14.

júlí þ. á. Með brjefi 16. sept. þ. á. fyrirskipaði ráðuneytið sakamálahöfðun gegn báðum hinum ákærðu fyrir brot gegn 13. kapitula hegningarlaganna og útaf öðrum brotum gegn sömu lögum sem þeir kynni að teljast sekir um eftir prófunum í málinu og gerir ráðuneytið kröfu til þess, að rikissjóði verði tildæmdar fullar skaðabætur vegna vöntunarinnar af hendi ákærða Björns Sveinssonar eða af hendi þeirra beggja, hans og meðákærða Skúla Thorarensen. Eftir að framhaldspróf höfðu farið fram 18.—22. sept. var með stefnu, dags. 24. s. m. í samræmi við áðurgreinda ákæruskipun, höfðað sakamál gegn hinum ákærðu og málið tekið undir dóm 24. f. m. er hinir skipuðu talsmenn hinna ákærðu höfðu skilað varnarskjöllum sínum.

Um tilhögun og framkvæmd hinnar daglegu starfsemi í útsölnunni er það upplýst undir prófum málsins, er hjer segir.

Ákærði Björn Sveinsson hafði á höndum aðalbókhald og reikningshald útsölnunnar og hafði vörslu þess fjár, er inn kom fyrir seld vín, þannig að ákærði Skúli Thorarensen afhenti honum að kveldi dags peninga fyrir seldar vörur um daginn og lokaði B. Sv. peningana inni í venjulegum peningaskáp, er var á skrifstofunni, en báðir höfðu þeir þó lykla að skáp þessum. B. Sv. skrifaði reikningana til viðskiftamanna og tók sjálfur við hinum innheimtu peningum án þess að þeir færu um hendur gjaldkerans, Sk. Th. Búðarherbergin, auk geymslu í kjallara, sem útsalan fjekk fyrst til umráða í nóvember f. á., voru tvö, skrifstofa innar af búðinni og hafðist B. Sv. við á skrifstofunni og tók ekki þátt í daglegum afgreiðslustörfum. Í búðarherberginu sjálfu var gjaldkerinn, sem hjelt dagbók yfir sölu dagsins og varðveitti búðarkassann, sem hann einn hafði lykil og aðgang að. Í búðinni voru tveir afgreiðslumenn, Axel R. Magnússon og Sigurður Magnússon. Áður en vingeymslan var innrjettuð í kjallaranum, voru í búðarherberginu geymdar í hyllum allar vínbirgðir útsölnunnar.

Eftir framburði beggja hinna ákærðu og afgreiðslumanna var reglum þeim, sem áður eru nefndar, fyrst framan af og til ársloka 1922 fylgt nokkurnveginn vel og við reikningslok þá taldist B. Sv. svo, að halli hefði þá að eins verið nálægt 100 kr. Talning á vörubirgðum fór fram í lok hvers mánaðar og 4 mánuðina fyrstu af árinu 1923 og taldist honum þá koma fram um 100 kr. halli mánuð hvern, og með því að honum þótti þessi niðurstaða býsna góð, ákvað hann að hætt skyldi mánaðartalningu og hefir hann enga aðra skýringu en þessa gefið á því. Talning á vörubirgðum fór svo ekki fram fyr en fyrstu daga

ársins 1924. Talninguna frömdu ætíð gjaldkerinn og afgreiðslumennirnir og afhentu síðan B. Sv. talningarlistana, sem hreinskrifaði þá, en leit að öðru leyti aldrei eftir mánaðartalningunni og kom þar ekki að. Tók talningin nálægt einni klukkustund.

Starfsmenn útsölnunnar, ákærðir og afgreiðslumennirnir, hafa borið það að þess hafi brátt orðið vart á miklum sölundögum, að erfitt reyndist að halda nákvæmlega reglum um afgreiðslu og sölu, en þegar kom fram á árið 1923 tók óreglan að aukast og magnast eftir því sem á árið leið. Afvikin frá reglum þeim, sem fylgja þar um sölnu voru aðallega fólgin í því, sem nú skal greint.

I. Það átti að vera undantekningarlaus regla, að söлумiði (nóta) væri ritaður fyrir hverri vöruafgreiðslu, sem borguð var út í hönd. Átti blutadeigandi afgreiðslumaður að skrifa miðann og afhenda gjaldkera til innritunar innihald hans í dagbókina. Við rannsókn sem framkvæmd hefir verið á dagbók útsölnunnar, hefir það komið í ljós, að þegar snemma á árinu 1923 hafa verið talsverð brögð að því, að söлумiðar hafa ekki verið skrifadír heldur nöfn kaupenda ásamt söluupphæð rituð beint í dagbókina. Í marsmánuði nam kontantsala, sem þannig var ástatt um nálægt 2000 kr. Ágerðist þetta síðan, en ekki kveðst ákærði Björn Sveinsson hafa vitað um að þessu fór fram fyr en í maímánuði. Kveðst hann hafa vandað um þetta bæði þá og oftár, og er sá framburður staðfestur bæði af ákærða Sk. Th. og öðrum afgreiðslumanninum en hinn afgreiðslumaðurinn kveðst ekki hafa heyrt B. Sv. vanda um þetta nema í byrjun. En hvort sem B. Sv. hefir gert þetta oftár eða sjaldnar, er það upplýst, að engin breyting varð á ritun söлумiða til batnaðar. Við rannsókn í þessu efni á tímabilinu frá 7.—21. júlí 1923, en þá var ákærði Sk. Th. fjarverandi, voru ekki ritaðir söлумiðar fyrir 5000 kr., en í fjarveru gjaldkerans þar ákærða B. Sv. auðvitað sjerstaklega að hafa eftirlit með ritun söлумiða. Þegar ákærði Sk. Th. tók aftur til starfa tók ákærði B. Sv. sjer sumarleyfi frá 26. júlí til 21. ágúst, fór þá þinu sama fram, sem á undan hafði gengið og reyndist kontantsala á þessu tímabili fyrir kr. 9145.50 órituð á söлумiða, en nöfn og upphæð rituð beint í dagbók, eins og áður segir. Eftir þetta magnadist vanrækslan með ritun söлумiða svo mjög, að af allri kontantsölu var aðeins litill hluti ritaður á söлумiða, en ákærði Sk. Th. og afgreiðslumennirnir hafa þó borið það, að því hafi aldrei verið hætt með öllu.

Ákærði B. Sv. hefir stöðugt haldið því fram, að hann hafi

oft ámint starfsmennina um að skrifa söluþiða og meinti hann að hann hefði haft nákvæmar gætur á þessu meðan Sk. Th. var í sumarleyfi sínu, en við athugun þess hvernig reglunni var þá haldið kannadist hann við, að hann við rannsókn hafi aldrei sannfært sig um, að söluþiðar væru skrifadír, því að hann bar hvorki þá eða endranær söluþiðana saman við dagbókina, og kvedst hann ekki hafa gert það, því að það hefði átt að gerast frammi í búðinni. Og ennfremur hefir hann haldið því fram, að borið hafi allmikið á móttþróa hjá gjaldkeranum, ákærða Sk. Th., gegn ritun söluþiðanna, hann talið það óframkvæmilegt nema að láta viðskiftamennina bíða lengi, ritun miðanna væri óþörf og henni mundi bætt. Báðir afgreiðslumennirnir hafa borið það, að gjaldkerinn hafi enga áherslu lagt á það, að söluþiðarnir væru ritadír og ennfremur að gjaldkerinn hafi sagt þeim að nægilegt væri að þeir kölluðu til hans nafn kaupandans og færði hann það inn í dagbókina, og hafa þeir unnið eiu að þeim framburði. En annar þeirra, Sigurður Magnússon, hefir þó kannast við, að það kunni einnig að hafa verið af vanga, að ekki voru skrifadír söluþiðar og neitar því ekki með öllu, að gjaldkeriun kunni að hafa int að því, að gott væri að starfsmennirnir skrifuðu söluþiða. Ákærði Sk. Th. hefir neitað því, að hann hafi talið nægilegt að kallað væri til sín nafn viðskiftamannsins, en kannast við að það hafi hann skrifað eftir því sem kallað var, og sömuleiðis hefir hann neitað því, að hann nokkur tíma hafi gefið það eftir að hætt yrði að skrifa söluþiða. En skráin um það hvernig þessu fór fram á meðan ákærði Sk. Th. var ráðsmaður búðarinnar, og ákærður B. Sv. var í sumarleyfi, sýnir það til fullnustu, að hann hefir lítið eða ekkert hirt um að skrifadír væru söluþiðar þá og hefir ennfremur játað það, að eftir þann tíma var hætt að bera saman söluþiðana við dagbókina.

Alt fyrirkomulag útsölnnar byggdist nú á því, að söluþiðar væru skrifadír fyrir hverri afgreiðslu, því að án söluþiðanna var ekki hægt að sannprófa það að kveldi hvað selt hafði verið yfir daginn. Að vísu var það hugsanlega mögulegt, að öll sala kæm-ist alt að einu í dagbók gjaldkera, en það var komið undir því, að afgreiðslumenn kölluðu nöfn og upphæðir og gjaldkeri heyrði rjett og sæist ekki yfir, en fyrir þessu var engin trygging.

II. Það kom líka snemma fram, að dagbókin var harla lítil trygging fyrir því hve mikið hafði verið selt. Ákærði Sk. Th. hefir borið það, að það hafi því nær aldrei komið fyrir, utan einu sinni haustið 1922, voru það milli 5 og 6 kr. er þá vantaði,

að vantað hafi í búðarkassann að kvöldi. Hitt var reglan að einatt var í kassanum að kveldi umfram það, er dagbókin sýndi. Þessari umfram upphæð var þá þannig komið fyrir, að henni var deilt niður á ýms nöfn, þektra manna, sem keypt höfðu. Dagbókin var gerð upp, talin saman, á kvöldin, en ekki í þeirri veru að hún sýndi hversu mikið væri í kassanum, heldur, að minsta kosti upp á síðkastið, að eins til þess að finna mismuninn á upphæðinni í kassa og þeirri, sem dagbók sýndi og miðla því sem umfram var í kassanum á nöfn. Áður innfærðar tölur í dagbókina voru þessvegna hækkadar, eftir því sem með þurfti til að koma upphæðinni í kassanum fyrir. Segir ákærði Sk. Th., að einkum hafi verið hilst til að miðla á nöfn þeirra manna, sem ekki höfðu tekið eða búast mátti við að ekki tækju sinn lögheimilaða 10 litra skamt á mánuði. Það er ekki sannað hvor þeirra ákærðu átti frumkvæðið að þessu, en hitt jatað að það varð að samkomulagi milli þeirra að hafa þetta svo. Mánuði þá, sem verslunin stóð af árinu 1922 voru þessar umframupphæðir, sem þá voru ekki mjög stórar, lagðar sjer í umslag og geymdar til árslokanna og þá dreift niður á ýms nöfn í árslokin eða seint á árinu, en eftir nýár 1923 kom báðum hinum ákærðu saman um að jafna upphæðunum niður daglega.

Fyrir þessari miðlun á nöfn hafa þeir ekki gert aðra grein en þá, að það hafi verið til þess að láta líta svo út, sem reglugjörðinni frá 18. júlí 1922 um vinsöluna væri fylgt. Neitað hafa þeir því, að þeir hafi miðlað upphæðum á tilbúin nöfn eða nöfn annara en þeirra, er keypt höfðu.

III. Auk þeirrar óreglu á bókfærslunni, sem getið er hjer á undan, voru allmikil brögð að því, að sölumiðar, sem skrifaðir voru fyrir kontantsölu, væru ekki ritaðir í dagbókina. Við rannsókn sem gerð hefir verið til reynslu yfir nokkur tímabil, hefir það komið í ljós, að t. d. í marsmánuði 1923 hafa sölumiðar að upphæð kr. 1108.75 ekki verið innfærðir í dagbók: frá 7. júlí til 25. s. m. kr. 793.75 og frá 26. júlí til 21. ágúst kr. 1329.25. Ákærði Sk. Th. hefir gefið þá skýringu á þessu, að kaupendur muni hafa borgað og haldið eftir sölumiðunum. Eanfremur hefir það borið við, að nokkuð af sölumiða hefir verið innfært í dagbók en ekki allt og telur Sk. Th. að þetta stafi af vangá við iunfærsluna, en sölumiðinn ekki síðan borinn saman við dagbókina. Samskonar skýringar hafa afgreiðslumennirnir gefið á þessu, en ákærði B. Sv. hefir ekki getað skýrt þetta, ekki einu sinni á tímabilinu 7.—21. júlí, þegar Sk. Th. var í sumarleyfinu. Enda

er það með framburði afgreiðslumannanna sannað, að B. Sv. hafði á þessu tímabili ekki betra eftirlit með því, sem í búðinni gerðist en endranær. Annars hefir öllum þeim yfirheyrða borði saman um það, að þessar upphæðir hafi allt að einu runnið í búðarkassann og komið þar fram sem umframupphæðir.

Með þessari villandi og ófullkæmnu bókfærslu á kontantsölunni, sem lýst hefir verið hjer á undan og með því hvernig hún var gerð upp, var starfsmönnum verslunarinnar, gjaldkera jafnt sem afgreiðslumönnum, eiginlega alvæg gefinn laus taumurinn um skil fyrir því, sem selt var. Aðhaldið um að standa skil á öllum þeim peningum, sem inn komu fyrir kontantsöluna var úrsöggunni nema að svo miklu leyti sem ráðvendni þeirra og heidarleiki aftraði þeim frá að misbrúka aðstöðu sína til að draga sjer peninga með ófrjálsu móti. Reikningslega sjeð verða ekki leiðdar sönnur að því, að búðarkassinn hafi tekið við peningum fyrir alla söluna og að balli verslunarinnar stafi einmitt ekki frá því, að meira eða minna leyti, að búðarkassinn hafi annaðhvort ekki tekið við eða ekki skilað til aðalkassans öllu því fje, sem inn kom í raun og veru fyrir vörur, sem borgaðar voru við móttöku. Ákærði Sk. Th., sem þetta atríði áhrærir sjerstaklega, hefir þó staðfastlega neitað því, að hann hafi dregið sjer nokkurn eyri af fje verslunarinnar eða að það hafi runnið inn til hans, og engar sönnur eru á annan hátt komnar fram fyrir því og jafnvel ekki líkur fram yfir möguleika þá, sem áður eru nefnðir. En fyrir kontantsöluna tók ákærði B. Sv. ekki við öðrum peningum en þeim, er honum voru að kveldi afhentir af gjaldkeranum eða þeim, er í forföllum hans varðveitti búðarkassann, sem gjaldkerinn einn hafði lykil að en forstöðumaðurinn ekki.

IV. Lán á vörum til viðskiftamanna átti sjer stað í útsölnni í stórum stíl. Við lánsöluna átti að hafa líka aðferð og við kontantsöluna, að sölumiða átti að skrifa fyrir hverju vöruláni og rita síðan í höfuðbók. En út af þessari reglu var brugðið mjög á árinu 1923, einkum síðari hluta ársins. Vínúttektin var títt aðeins færð í sölumiðabókina (lánsnútabókina) en ekki í höfuðbók. Hefir ákærði B. Sv. gert þá grein fyrir þessu háttalagi, að honum hafi fundist það óþarft, þegar menn ætluðu að borga bráðlega eða eftir örfáa daga, að rita þá inn í höfuðbók. Að visu hafi það oft komið fyrir að menn þessir borguðu ekki fyr en allöngu síðar og þá samkv. reikningum sem skrifaðir voru eftir sölumiðunum. En þegar þeir borguðu átti að innrita í dagbók yfir kontantsölu hina innaheimtu upphæð. Við rannsókn á

Þessu atriði hefir það nú komið í ljós, að allmikill misbrestur hefir orðið á því, að þannig greidd lán væru innfærð í dagbókina, en á búðarkassanum varð þetta ekki merkt, sbr. það sem sagt er um kontantsöluna hér að framan. Það sem ógreitt var af þessum lánum í árslokin 1923 var þá innfært í höfuðbók á nöfn lántakenda. Hvort þannig löguð lán hafa annars öll komið til skila, er ekki mögulegt að fá fulla vitneskju um. Söluviðarnir gátu týnst og misfarist án þess að saknað yrði og varð þá ekki frekar aðgert gagnvart þeim, er skulduðu. En auk þess, sem forstöðumaðurinn sjálfur lánaði út á þenna hátt, lánuðu hinir starfsmennirnir út einnig á sama hátt allverulegar upphæðir, ýmist með vitund forstöðumanns eða án. Starfsmennirnir hafa fullyrt, að þær upphæðir, er þeir lánuðu út hafi verið greiddar, en um slíkt eru engar sannanir fyrir hendi. Hvort meira eða minna fje hafi farið forgörðum vegna þessa ljelega eftirlits með lánum verður ekkert fullyrt um. Auk þessa eftirlitsleysis, sem ákærði B. Sv. verður að teljast eiga sök á, hafa honum og orðið á í bókfærslunni nokkrar villur, samlagningaskökkjur og rangar innfærslur úr einni bók í aðra og síðan í reikning viðskiftamanna, en með því að hér virðist um gáleysi og ekki um stórfeldar upphæðir að ræða, þykir ekki þörf að rekja þann feril nákvæmara.

V. Eins og áður er sagt skilaði gjaldkerinn á kvöldin peningum þeim, sem inn töldust hafa komið yfir daginn, til forstöðumanns, og var það regla gjaldkera að leggja dagbókina saman og rita upphæðina á miða, sem fylgdi peningaupphæðinni. Ljet forstöðumaður sjer það nægja að telja saman dagbókina, en í þeirri samlagningu hafa þó fundist allmargar skekkjur, en þær eru bæði of og van og hafa ekki neina verulega þýðingu fyrir heildarútkomuna yfir lengra tímabil. Ljet forstöðumaðurinn peningana inn í peningaskáp sinn. Nú bar það stundum við, að forstöðumaður var farinn á kvöldin áður en gjaldkeri skilaði af sjer og lagði gjaldkerinn þá sjálfur upphæðina inn í peningaskápinn, því að hann hafði einnig lykil að honum. Þegar svona stóð á og stundum endranær, athugaði svo ákærði B. Sv. ekki peninga þá, er gjaldkeri afhenti fyr en morguninn eftir og stundum söfnuðust fyrir fleiri dagssölur. Nú vildi svo til stöku sinnum, að ákærði B. Sv. taldi sig vanta peninga af þeim, sem gjaldkeri kvaðst hafa látið í skápinn eða afhent. Voru það þó oftast smá upphæðir, en eitt sinn yfir 200 krónur og þann 29. eða 30. okt. 1923 vönduðu 500 kr. Hversu miklu þessar upphæðir hafa samtals numið getur hvorugur hinna ákærðu gefið neina ábyggilega

skýrslu um, en af prófunum virðist það ljóst, að þær hafa ekki verið undir 900 kr. og geti eftir skýrslu ákærða Sk. Th. hafa numið 14 til 15 hundr. kr. Þegar ákærði B. Sv. taldi sig vanta þannig í skápinn gekk hann eftir hinni vantandi upphæð hjá ákærða Sk. Th., er greiddi honum upphæðina, en af fje þess dags, sem innkom fyrir vín, er krafan var gerð. Hefir ákærði B. Sv. haldið því fram, að gjaldkerinn hafi greitt þessar upphæðir mótt-próalaust og orðalaust, og kveðst hann hafa gengið út frá því, að gjaldkerinn hefði mistalið og af því stafaði vöntunin. Ákærði Sk. Th. hefir nú ekki mótmælt þessu, en haldið því fram að hann hafi skoðað þetta sem bráðabirgðagreiðslu til B. Sv. og hann mundi greiða þetta að lokum; en B. Sv. hefir haldið fram gagnstæðum skilningi og kveðst ávalt hafa litið svo á, að Sk. Th. ætti að borga þetta persónulega. Ennfremur hefir Sk. Th. borið það, að í það sinn er 500 kr. vöntuðu hafi peningaskápurinn verið opinn um morguninn áður og í annað sinn hafi það borið við að skápurinn var ólokaður að morgni. Um þetta er þó enginn til frásagnar nema Sk. Th. Ákærði B. Sv. virðist í fyrstunni alls ekki hafa athugað það af hvaða fje Sk. Th. greiddi þessa vöntun og virðist hafa álitnið öllu vel borgið ef hallinn í peningaskápunum að eins væri jafnaður, en um reikningslokin 1923 var honum það þó fyllilega ljóst, eins og síðar mun sagt verða, að Sk. Th. hafði ekki greitt þetta úr sínum vasa. Þessi millifærsla milli kassanna sýnir ljóslega hve ákærði B. Sv. gerði litla tilraun til þess að skoða niður í kjölinn þær sakir, er hann var settur yfir og greiðsla gjaldkerans virðist hljóta að hafa verið gerð að eins í blekkingarskyni við ákærða B. Sv., að minsta kosti um smærri upphæðirnar, en 500 kr. upphæðina má ætla, að ákærði B. Sv. hafi vitað um, að Sk. Th. greiddi ekki af sínu fje.

VI. Eins og áður er sagt hætti B. Sv. mánaðarlegrri birgðatölningu í apríl 1923 og taldist honum þá til, að hallinn mundi vera um 500 kr. Nú hefir það verið rannsakað hvernig hagar verslunarinnar stóð þá, með sömu aðferð og B. Sv. kveðst hafa haft, og hefir það komið í ljós að halli verslunarinnar var þá orðinn kr. 4835.50. Undir prófunum hefir B. Sv. enga skýringu getað gefið á þessu en kannast við, að eftir verslunarbókunum og birgðalistanum, er hann samdi sjálfur í apríllökin hljóti þessi útkoma að vera rjett. En hann hefir neitað því fastlega, að hann hafi vitað um að sjóð- eða vöruvöntun væri önnur en sú, er hann fyr greinir, eða að hann hafi þá ætlað sjer að leynd nokkurri þurð. Þessari neitun ákærða B. Sv. verður nú að vísu ekki hnekt,

en hið raunverlega ástand í apríllökin sýnir, ef skýrsla ákærða er rjett, að birgðalistinn, sem hann fór eftir hefir verið annar en nú liggur fyrir og að hinir mánaðarlegu birgðlistar hans hafa verið gerðir af honum í hreinni blindni sem og hin mánaðarlega prófun á hag verslunarinnar gerð öldungis án rannsóknar af hans hálfu eða nokkurrar þekkingar á málavöxtum. Ákærði Sk. Th. hefir hinsvegar neitað því, að hann hafi vitað nokkurn hlut um hvernig B. Sv. fjekk þá útkomu er áður greinir. Hvort birgðirnar hafi í árslokinn 1922 verið þær, er birgðalistinn þá greindi er enn fremur alveg ósannað mál og jafnvel alt eins líklegt að birgðirnar hafi verið snögt um minni en þær voru taldar vera.

VII. Auk lánsúttektar á vínunum, er starfsmenn verslunarinnar höfðu fengið og skrifað var í bækur verslunarinnar, bar það ekki ósjaldan við, að þeir fengju lán af innkomnum peningum. Sumarið 1923 lánaði þannig ákærði B. Sv. ákærða Sk. Th. 1000 kr. og 600 kr. er þó í bæði sinn var greitt innan fárra daga. Við árslokinn 1923 skulduðu allir starfsmenn versluninni peninga, allstórar upphæðir, sem þeir höfðu fengið lánaðar bæði úr skáp hjá ákærða B. Sv. og einnig úr kassa gjaldkera og nam skuldarpophæðin við síðarnefndan kassa um 2300 kr. um áramótin. Þessari upphæð ásamt 900 kr. fyrir vöntun í skáp, sbr. V. hjer á undan, kom báðum hinum ákærðu saman um að leyna þannig, að upphæðin taldist sem víneign. Afgreiðslumennirnir, er skulduðu nokkuð af þessari upphæð, vissu ekki um þetta fyr en alllöngu síðar. Á birgðalista þeim, sem ákærði B. Sv. afhenti forstjóra Áfengisverslunarinnar sem fylgiskjal með ársreikningnum 1923 var talin sem víneign þessar 3200 kr. Hafa báðir hinir ákærðu tregðulaust játað, að þeim hafi komið saman um að leyna þessari upphæð á þenna hátt, og hafði forstjóranum verið skýrt frá þessu af ákærða Sk. Th. 28. jan. eða daginn eftir að forstjórinn sjálfur rannsaði vínbirgðirnar. En við rannsókn á vínbirgðunum í lok jan. kom það ennfremur í ljós við samanburð á talningu þeirri sem fram fór um áramótin og sölunni í janúarmánuði, að vínbirgðirnar að viðbættum 3200 kr., voru um 2000 kr. minni en birgðalisti ákærða B. Sv. taldi. Undir prófum málsins hefir ákærði B. Sv. játað að hann einn hafi bætt við þessari upphæð, og án þess að ákærði Sk. Th. eða nokkur annar vissi, fyrst á birgðalistann 1. jan. og aftur við talningu birgðanna 27. jan. Fyrir þessu afbroti sínu, sem ákærði B. Sv. ekki skýrði frá þrátt fyrir endurtekið tilefni þar til, fyr en alllöngu eftir að próf í málinu byrjuðu, hefir hann ekki gert aðra grein en þá, að hann

hafi ætlað með þessu að gera fyrir tapi á árinu og láta þar með líta svo út sem verslunin bæri sig vel, en hinu hefir hann fastlega neitað, að hann hafi með viðbótinni verið að leyna vöntun eða að birgðalistinn hafi verið gerður rangur í sviksamlegum tilgangi. Hver frumkvæðið átti að því að leyna 3200 krónunum hefir ekki orðið upplýst, en hvor þeirra sem það hefir verið, þá verður að líta á það, að það er að eins B. Sv. sem í raun og veru gat framið afbrot þetta, því að hann átti að ábyrgjast að að birgðalistinn væri rjettur. En báðum hinum ákærðu hefir borið saman um það, að launung þessi hafi ekki verið gerð í því skyni að losna við skuldirnar heldur hafi átt að færa þær á rjettan stað sem fyrst á árinu 1924.

VIII. Með þessu háttalagi í verslunarrekstrinum, sem lýst hefir verið, er það samt sem áður enganveginn sannað hvernig stendur á meginsjóðþurðinum í versluninni. Allir starfsmenn við útsöluna hafa eindregið neitað því, hver fyrir sig, að þeir hafi tekið að ófrjálsum frá versluninni vín eða peninga. Þeir kveðast heldur ekki geta gert sjer neina grein fyrir því, af hverju þurðurinn stafar. Ákærði B. Sv. og afgreiðslumennirnir hafa verið þeirrar skoðunar, að þurðurinn stafi mestmegnis frá því, að peningar hafa verið teknir, en hafa þó ekki getað bent á neinn, er valdur kunni að vera að peningatöku. Ákærði Sk. Th. hefir aftur haft þá skoðun, að vín hafi verið tekið án þess að peningar kæmu fyrir það til verslunarinnar. Að vindrykkja eða óregla um meðferð vína í hibýlum útsölnnar hafi átt sjer stað, hefir ekki orðið neitt upplýst um undir prófum málsins. Þá gæti verið spurning um hvort útsalan hefir tekið á móti öllu því víni, sem hún af heildsölnni er talin að hafa fengið. Eftir skýrslum starfsmanna útsölnnar og öðrum upplýsingum, sem fáanlegar hafa verið, verður að líta svo á, að þar hafi farið alt fram með feldu. Og þá er loks það atriði, hvort vinbirgðir útsölnnar hafi verið í svo tryggri geymslu, að utanaðkomandi menn hafi ekki getað náð sjer víni þar. Starfsmenn útsölnnar hafa nú ekki orðið þess varir, að horfið hafi af vinbirgðunum hvorki í kjallara nje úr búðinni, en hafa jafnframt tekið það fram, að taka hefði mátt æðimargar flöskur í senn með lægni svo ekki hefði verið auðsýnilegt. En venjulegar birgðir útsölnnar voru fram í nóvember 1923 um 20 þús. kr. virði og þar eftir um 60 þús. kr.

Með tilliti til þess möguleika að vín hefði verið hægt að taka af birgðum útsölnnar af utanaðkomandi mönnum, fór fram skoðun á hibýlum þar. Þessi skoðun var að visu ekki gerð fyr

en eftir miðjan apríl þ. á. en þá var alt við hið sama og verið hafði áður. Málið horfir ekki þannig við, að þörf sje á að lýsa læsingum og herbergjaskipun, en það skal aðeins tekið fram, að aðgangur að vingeymslunni í kjallaranum var gálauslega og jafnvel undursamlega auðveldur fyrir óviðkomandi menn og þaðan aftur um herbergi verslunarinnar. Og í skýrslu sem yfirlögregluþjónninn gaf um skoðunina, telur hann að utanaðkomandi mönnum hafi verið auðvelt að komast bæði inn í áfengisverslunina og þaðan út aftur án þess nokkur merki sæust eftir það. En undir rannsókn málsins befir það þó ekki orðið upplýst, að víni hafi verið stolið.

Hjer að framan hefir verið lýst þeim athöfnum og því framferði hinna ákærðu, sem tilefni hefir gefið til málshöfðunar gegn þeim. Nú eru hinir ákærðu sakadir um brot gegn 13. kap. hinna alm. hegningarlaga og ákæran gegn þeim að öðru leyti ekki ein-skorðuð innan takmarka hegningarlaganna og verður því fyrst fyrir að athuga, hvort hinir ákærðu geta talist sekir um brot gegn þessum kapitula, sem ræðir um afbrot í embættisfærslu. Spurningin er þá hvort hinir ákærðu voru embættis- eða sýslunarmenn, í þeim skilningi sem hegningarlögin eiga við. Þótt þessari spurningu yrði svarað játandi um ákærða Björn Sveinsson er það ekki ulveg víst að hið sama gildi um ákærða Skúla Thorarensen, en geti hinn fyrnefndi ekki talist embættis- eða sýslunarmaður gildir hið sama um hinn síðarnefnda. Þá er að athuga stöðu ákærða Björns Sveinssonar.

Í íslenskum lögum er það hvergi skilgreint hverjir sju embættis- eða sýslunarmenn í lagalegum skilningi. Á milli embættis- og sýslunarmanna er heldur ekki greint með neinu lagákvæði öðru en 16. gr. stjórnarskrárinnar, er fyrirskipar að hver embættismaður skuli vinna eið að stjórnarskránni. En þegar litið er á með hvaða hætti ákærði B. Sv. var veitt umrædd staða, þykir mega fullyrða það, að hann geti ekki talist embættismaður hvorki í skilningi 16. gr. stjórnarskrárinnar nje eftir almennum skilningi þess orðs, sbr. og 2. gr. laga nr. 71/1919, um laun embættismanna, sem gerir ráð fyrir því, að þeir, er laun taka samkv. þeim lögum fáí veitingarbrjef fyrir stöðu sinni. En þau lög taka ekki að eins til starfsmanna, sem eftir almennum skilningi teljast embættismenn heldur einnig til sýslunarmanna. En þá er spurningin gat starf ákærða B. Sv. talist til opinberra sýslana. Það verður ekki vefengt að ákærði var starfsmaður í þjónustu ríkisins. En allir þeir, er vinna verk fyrir ríkið og fá hjá því kaup fyrir starf

sitt, geta þó ekki talist opinberir starfsmenn eða opinberir sýslunarmenn, eftir þeim skilningi, sem málvenja og rjettarmeðvitund almennings leggur í þetta hugtak. Sbr. og landsyfirrj. VI. bls. 245—256. Til þess að starf geti talist opinber sýslan virðist verða að krefjast þess að það sje liður, smár eða stór, í einhverri stjórnargrein, afmarkað og ákveðið annaðhvort samkvæmt venju, lögum, orðuðu ákvæði umbódsstjórnarinnar eða fyrirmælum einhvers þess valds, sem rjett hefir til að gefa opinberar skipanir eða fyrirmæli. Þótt telja megi sjálfa Áfengisverslun ríkisins lið í stjórnargrein og forstjórn hennar sýslan, þá þarf engan veginn hið sama að gilda um starf þjónustumanna við hana. Smásala Spánarvinanna hjer í Reykjavík var falin Áfengisversluninni, en hin sjerstaka útsala var ekki annað en skipulagsatriði innan verkahringis Áfengisverslunarinnar, sem hagað var eftir því, sem hagkvæm verkaskifting krafði. Fyrst var smásalan rekin beint frá skrifstofu verslunarinnar og hin auknu störf, sem af henni leiddi, unnin af verka- og þjónustuliði verslunarinnar. Það er ráðið eftir því sem þörfin krefur eins og til starfs við venjulegt privat-fyrirtæki, og hvert starf, sem einhver þjónustumaður er látinn vinna við verslunina, getur enganvegin talist opinber sýslan. Nú varð smásalan ekki í eðli sínu önnur þótt hún fengi sjerstakt húsnæði, og menn þeir er ráðnir voru til starfs við hana fengu ekkert meira opinbert snið á sig en aðrir þjónustumenn Áfengisverslunarinnar, og að ákærðu B. Sv. og Sk. Th. hafi ekki haft neina sjerstöðu í þessu efni, þykir nægilega sannað með þeim hætti, er þeir voru ráðnir til starfsins og að framan getur.

Af þessum sökum þykir að sýkna verði báða hina ákærðu fyrir brot á 13. kap. hegningarlaganna.

Þótt hinir ákærðu verði ekki dæmdir fyrir brot á nefndum kap. hegningarlaganna og þótt ákæruefnið sje að öðru leyti ekki ákveðið, virðist þó eiga að taka til álita hvort hinir ákærðu hafi ekki gerst sekir um athæfi, sem refsivert er eftir hegningarlögnum. Ávirðingar þeirra hafa verið taldar undir I—VII lið hjer að framan. Um þær allar gildir það, að ósannað er, að þær hafi verið gerðar í sviksamlegum tilgangi til þess að draga sjerfje. Þótt þær allar sjeu mjög vítaværðar, virðist þó að eins verknáður sá, sem greindur er undir II. lið, hækkun talna í dagbók, V. lið, millifærslan milli peningakassanna, og VII. lið, fölsun birgðalistanna, þannig vaxinn að hann sje hegningarverður, og virðast öll þessi afbrot eiga að færast undir 259. gr. hegn-

ingarlaganna, þannig að báðum hinum ákærðu, sem komnir eru yfir lögaldur sakamanna, beri að refsa fyrir verknað þana, er greindur er undir II. lið og V. lið samkv. 259. gr. sbr. 48. gr., en fyrir verknaðinn undir VII. lið, Birni Sveinssyni samkv. 259. gr. og Skúla Thorarensen samkv. 259. gr. sbr. 48. gr., 2. mgr. og þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin, Björn Sveinssonar 40 daga en Skúla Thorarensen 30 daga fangelsi, hvorttveggja við venjulegt fangavíðurværi. Ennfremur ber báðum hinum ákærðu samkv. 302. gr. hegningarlaga in solidum að greiða ríkissjóði skaðabætur 900 kr., sem telja verður sannað, að misfarist hafi fyrir vanrækslu þeirra. En með tilliti til þess, að ákærðu hafa ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, að þeir sátu í gæsluvarðhaldi frá 7.—14. apríl þ. á., að þá, einkum Björn Sveinsson virðist hafa skort þekkingu til að rækja sæmlega starf það, er þeir voru settir til að gegna og að ávirðingar þeirra virðast að nokkru leyti stafa af aðgerðar- og eftirlitsleysi yfirboðara þeirra, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Ákærðu greiði hvor skipaðum talsmanni sínum 100 kr. í málsvarnarlaun og varðhaldskostnað sinn, en að öðru leyti greiði þeir in solidum allan löglegan kostnað sakarinnar.

Á rekstri málsins hjer fyrir rjettinum hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 30. apríl 1926.

Nr. 5/1926.

O. J. Havsteen
gegn

Carli Lárussyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi O. J. Havsteen, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.
